

Reykjavík, 24. mars 2022
MSS22010164

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um viðskipti við félagið Ráðgjöf slf.

Vísað er til bréfs, dagsett 14. mars 2022, þar sem óskað er eftir upplýsingum um viðskipti Reykjavíkurborgar við fyrirtækið 1 Ráðgjöf slf. á tímabilinu 2018-2022.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Karen María Jónsdóttir,
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Meðfylgjandi er svar við fyrirspurn Flokks fólksins MSS22010164, Yfirlit Þjónustu- og nýsköpunarsviðs yfir innkaup yfir 1 milljón króna á tímabilinu janúar t/m desember 2021.

Reykjavík, 24. febrúar 2022
MSS22010164

Svar

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð.

Sendandi: Karen María Jónsdóttir, skrifstofu sviðsstjóra Þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um viðskipti við félagið Ráðgjöf slf.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 24. janúar 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 5 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins telur opið bókhald Reykjavíkur mikilvægt. Ýmsir annmarkar eru samt á framsetningunni í núverandi mynd. Aðeins er hægt að skoða heildartölur viðskipta en ekki afrit af reikningunum sjálfum. Þetta er slæmt því það skiptir máli hvað er verið að kaupa fyrir almannafé. Ríkið birtir á vefnum opnir reikningar.is skýringar við hvern og einn reikning ásamt heildarfjárhæð en Reykjavík birtir aðeins heildarfjárhæð viðskipta við hvert og eitt fyrirtæki. Flokkur fólksins hefur ítrekað gagnrýnt þau miklu ráðgjafarkaup sem Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) hefur verið að kaupa í næstum áratug. Þarna eru að finna allskyns ráðgjafarfyrirtæki innlend sem erlend og miklir peningar greiddir til Gartner Group á Írlandi sem dæmi. Sú þróun hefur verið að ÞON segi upp reyndum starfsmönnum og ráði annaðhvort inn yngra fólk eða útvisti verkefnum til einkaaðila. Því vill fulltrúi Flokks fólksins fá að vita hversu mikið af útgjöldum ÞON árið 2021 fóru til einkafyrirtækja vegna útvistunar verkefna sem áður voru unnin af starfsmönnum ÞON? Óskað er eftir að fá nákvæmar skýringar á viðskiptum ÞON við félagið I Ráðgjöf slf., í ljósi þess að félagið virðist nátengt sviðsstjóra ÞON. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá aðgang að reikningum sem Reykjavík hefur greitt félaginu frá árinu 2018; hvað var keypt og fyrir hvað mikið?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 14. mars 2022.

Svar:

[...] hversu mikið af útgjöldum ÞON árið 2021 fóru til einkafyrirtækja vegna útvistunar verkefna sem áður voru unnin af starfsmönnum ÞON?

Þjónustu- og nýsköpunarsvið leggur með reglubundnum hætti fram yfirlit yfir öll innkaup yfir 1 milljón króna, yfir tólf mánaða tímabil. Í yfirlitinu fyrir janúar t/m desember 2021 má sjá að heildarkaup sviðsins á vöru og þjónustu á einkamarkaði var 739.919.793 kr. á árinu 2021. Leiða má líkur að því að öll aðkeypt þjónusta sem á því yfirliti er að finna, sé tilkomin vegna þess að verið er að sækja auðlindir í ytra umhverfið, hvort sem er tíma, færni og/eða þekkingu aðila, sem ekki er til staðar innan sviðsins á þeim tímamarki eða yfir það tímabil sem þjónustuförfin er til staðar.

Óskað er eftir að fá nákvæmar skýringar á viðskiptum ÞON við félagið I Ráðgjöf slf., í ljósi þess að félagið virðist nátengt sviðsstjóra ÞON. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá aðgang að reikningum sem Reykjavík hefur greitt félaginu frá árinu 2018; hvað var keypt og fyrir hvað mikið?

Þrátt fyrir að fyrirspurnin sem hér um ræðir nái einungis til vörukaupa á árunum 2018-2021 þá verður hér greint frá öllum vörukaupum Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og forvera þess skrifstofu þjónustu og rekstrar, frá 1. september 2012 eða frá því að sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs og áður skrifstofustjóri þjónustu og rekstrar hóf störf hjá Reykjavíkurborg, og fram til 24. mars 2022 eða þegar þessari fyrirspurn er svarað.

Eftirfarandi vörukaup voru gerð af deildum og skrifstofum Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og forvera þess við fyrirtækið *1 Ráðgjöf slf.*, á tímabilinu 1. september 2012 t/m 24. mars 2022:

2018

Útihúsgögn á svalir við Kerhóla á 7. hæð Höfðatorgs = 448.290 kr.

2019

Beddi, teppi og púðar = 79.680 kr.

2021

Dýna = 32.435 kr.

2021

Sessur/pullur ofan á vörubretti = 122.070 kr.

SAMTALS

= 682.475 kr.

Samanlögð námu vörukaup Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og forvera þess skrifstofu þjónustu og reksturs af félaginu *1 Ráðgjöf slf.* á tímabilinu 1. september 2012 t/m 24. mars 2022, 682.475 kr. Vörukaupin voru framkvæmd af deildarstjóra þjónustudeildar á skrifstofu þjónustu og reksturs og síðar skrifstofustjóra rekstrarþjónustu og teymisstjóra stjórnsýsluhúsa.

Innkaupin voru hvert og eitt undir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem tilgreindar eru í innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Í samræmi við góða stjórnsýsluhætti var gerður verðsamanburður milli nokkurra fyrirtækja í innkaupaferlinu til að gæta að hagkvæmni, virða samkeppni og jafnræðisregluna.

Önnur svið Reykjavíkurborgar hafa keypt eftirfarandi vörur yfir sama tímabil:

2015

Pappírspokar = 14.450 kr.

2017

Blóm og spegill = 42.470 kr.

2021

Bakki

= 6.680 kr.

SAMTALS

= 63.600 kr.

Samanlögð vöru- og þjónustukaup annarra sviða en Þjónustu- og nýsköpunarsviðs og forvera þess skrifstofu þjónustu og reksturs, af félaginu 1 Ráðgjöf slf. á tímabilinu á tímabilinu 1. september 2012 t/m 24. mars 2022 63.600 kr.

Heildarviðskipti Reykjavíkurborgar við félagið 1 Ráðgjöf slf. á tímabilinu 1. september 2012 t/m 24. mars 2022 náum því samtals 746.075 kr.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Karen María Jónsdóttir,

Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra